

## 75. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 14. apríl 2010 kl. 20:30 – 22 heima hjá Ingibjörgu R. Guðlaugsdóttur að Marargötu 5.

Mættar: Ásdís Ólafsdóttir, Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, Hildur Gestsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Ragna Karlsdóttir. Lárus Valgarðsson og Sigríður Baldursdóttir voru erlendis.

### **Farið yfir lög félagsins og þau rædd**

Í lögum Alnæmisbarna nr. 4 kemur fram að varaformaður eigi jafnframt að vera gjaldkeri. Einnig að fundir séu haldnir ársfjórðungslega. Í lögnum stendur jafnframt að markmið félagsins sé að styðja við stúlkur vegna alnæmis, að vakin sé almenn umræða um þetta málefni. Stuðningur við Candle Light Foundation er ekki sérstaklega tiltekinn í lögnum, þótt mest áhersla sé á stuðning við þau samtök í reynd.

### **Verkaskipting stjórnar**

Ákveðið að Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir verði áfram formaður Alnæmisbarna og Sigurlaug ritari. Hildur haldi einnig áfram sem varaformaður en taki jafnframt að sér gjaldkeraembættið. Ásdís Ólafsdóttir, Lárus Valgarðsson, Ragna Karlsdóttir og Sigríður Baldursdóttir verði meðstjórnendur. Ásdís hafi það hlutverk að halda utan um skipulag fjáröflunarverkefna og Lárus haldi utan um heimasíðu Alnæmisbarna og CLF.

### **Candle Light Foundation (CLF) – ársskýrsla og fjáröflun 2010**

Rosette framkvæmdarstýra CLF er búin að senda ársskýrslu CLF fyrir árið 2009 og kemur þar fram að CLF er með kr. 8.500,- í gróða. Hún sendi jafnframt umsókn um ca ísl. kr. 40 milljónir þar sem hún vildi kanna hvort Alnæmisbörn gæti aflað fjár til þess að hefja öflugan markaðsvinnu fyrir CLF og önnur börn og fjölskyldur vegna ofbeldis. Stjórn Alnæmisbarna sjá sér ekki fært að koma á móts við þessa umsókn.

### **Umsókn til góðgerðasjóðs, AlheimsAuðar, Auðar Capital – þarf að sækja um fyrir 19. maí**

Ingibjörg ætlar aftur í ár að sækja um styrk í góðgerðasjóðinn AlheimsAuð sem veitir styrki til samfélagsverkefna. Hún ætlar að kanna hvort þeir styrkja frekar stór en lítil verkefni. Alnæmisbörn vill sækja um styrk fyrir skólagjöldum stúlkanna í almenna skólanum og til að efla smálánasjóð CLF.

### **Mat á fjárhagsstöðu í maí 2010**

Inn á fjárhagsreikningi Alnæmisbarna er kr. 955.000,- sem er nægjanlegt fjármagn til að standa undir skuldbindingum samtakanna á þessu ári. Nú er stutt við 21 stúlku í almenna skólanum, á næsta ári verða þær 17. Vel gengur að fá greidd félagsgjöldin en flestir greiða þau fyrstu fjóra mánuði ársins. Nýlega kom inn á reikning Alnæmisbarna kr. 200.000,- í styrk frá ISOR. Einnig tvær greiðslur frá þeim Halldóru Ásgeirsdóttur og Sigrúnu Gísladóttur að upphæð kr. 25.000,- og kr. 10.000,-. Formaður ætlar að senda þakkarbréf til þessarra aðila. Ekki hefur tekist að fá nema eina af þremur greiðslum frá

Zontaklúbbnum Emblu fyrir barnapössun CLF, en samið hafði verið um þrjár greiðslur í þrjú ár.

### **Fjáröflun – Kolaport í september og Kringla í desember?**

Alnæmisbörn ætla að vera með fjáröflun í Kolaportinu í haust og í Kringlunni á laugardegi í kringum alþjóðlega baráttudaginn gegn HIV/alnæmi 1. desember. Selja á föt í Kolaportinu og ætla Hildur og Sigurlaug að hafa samband við nærliggjandi skóla og íþróttafélög í því sambandi. Ásdís er búin að fá föt í leikskólanum þar sem hún vinnur. Hún ætlar jafnframt að panta bás í Kolaportinu og festa ákveðinn dag í Kringlunni sem fyrst.

### **Fundir 2010 – maí / september / desember – ákveða dagsetningar**

Í lögum Alnæmisbarna kemur fram að halda skuli fundi ársfjórðungslega. Alnæmisbörn ákvað að fækka föstum fundum frá því sem verið hefur og hittast þess í stað ársfjórðungslega.

Með kveðju,  
Sigurlaug Hauksdóttir  
ritari stjórnar